

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Miðvikudagur 5. nóvember 2008 17:00-21:00

Félagaréttur (30%)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir.

Prófið er fimm blaðsíður með forsíðu.

Það athugast að krossaspurningum (I. hluti) skal svarað á prófblaðinu sjálfu, sem merkt skal prófnúmeri hér að neðan.

Prófarkir skulu auðkenndar tryggilega með prófnúmeri.

Efnisspurningum (II. hluti) skal svarað í próförk.

Prófnúmer:

I. Hluti (12%)

Með hf. er átt við hlutafélög önnur en þau sem starfa skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Athugið eftirfarandi:

- Að vægi hvers liðar er jafnt (0,343%).
- Að dregið er frá 0,17 % fyrir hvert rangt svar.
- Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.
- Einungis eitt svar er rétt í hverri spurningu.

1. Lögaðili getur í eigin nafni haft fjárræði fyrir ólögráða.

() Rétt

() Rangt

2. Lögaðili telst ekki hafa stofnast fyrr en við úthlutun kennitölu.

() Rétt

() Rangt

3. Félagafrelsi takmarkast af velsæmi.

() Rétt

() Rangt

4. Félag telst ekki hafa stofnast nema það hafi fengið opinbera skráningu.

() Rétt

() Rangt

5. Fyrirtæki er réttareind um tiltekna starfsemi.

() Rétt

() Rangt

6. Fyrirtæki er alltaf rekið af einstaklingi.

() Rétt

() Rangt

7. Firma merkir lögaðili.

() Rétt

() Rangt

8. Ritun firma þýðir að skrá félag hjá opinberri skrá.

() Rétt

() Rangt

9. Firma má færa sem eign í ársreikningi.

() Rétt

() Rangt

10. Sameignarfélag er skammstafað sef.

- Rétt
 Rangt

11. Sameignarfélag getur ekki tekist á hendur skuldbindingar nema eigendur ábyrgist þær sérstaklega.

- Rétt
 Rangt

12. Samvinnufélag hefur stjórn sem skipuð er aðilum utan félagsins sem innan.

- Rétt
 Rangt

13. Hlutafélag (hf.) þarf að lágmarki að hafa sex milljónir í hlutafé.

- Rétt
 Rangt

14. Hlutafélagiformið er valið af hluthöfum m.a. sökum þess að þeir vilja hafa breiðan ábyrgðargrundvöll.

- Rétt
 Rangt

15. Lög um hlutafélög hafa að meginmarkmiði að setja reglur um vernd þeirra sem skulda félaginu.

- Rétt
 Rangt

16. Skráning hlutafélags þýðir að stofnsamningur hefur verið undirritaður.

- Rétt
 Rangt

17. Óskráð hlutafélag getur verið aðili samningi en á ábyrgð þeirra sem hann undirrita.

- Rétt
 Rangt

18. Stjórnarmenn hlutafélags (hf.) gefa út hlutabréf (pappír eða rafræn).

- Rétt
 Rangt

19. Hluthafafund verður að halda ef 5% hluthafa krefst þess.

- Rétt
 Rangt

20. Meðal verkefna hluthafafundar er að samþykkja starfskjarastefnu.

- Rétt
 Rangt

- 21. Hluthafar hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við lengd eignarhalds á hlut.**
() Rétt
() Rangt
- 22. Kosningafyrirkomulag til stjórnar í hf. er eingöngu margfeldiskosning.**
() Rétt
() Rangt
- 23. Hlutfallskosning er sama aðferð og gildir um alþingiskosningar.**
() Rétt
() Rangt
- 24. Stjórn hlutafélags er skipuð 4 mönnum hið fæsta.**
() Rétt
() Rangt
- 25. Skyldur stjórnarmanna felast m.a. í að senda varamann á stjórnarfund í forföllum.**
() Rétt
() Rangt
- 26. Stjórnarmaður í hf. skal vera fjárráða.**
() Rétt
() Rangt
- 27. Framkvæmdastjóri (í hf.) skal veita starfsmönnum umboð.**
() Rétt
() Rangt
- 28. Hlutafélag getur ekki átt 11% hlut í sjálfu sér lengur en 4 ár.**
() Rétt
() Rangt
- 29. Framkvæmdastjóri er eina stöðuheitið sem nefnt er í hlutafélagalögum.**
() Rétt
() Rangt
- 30. Prókúra þýðir að handhafi megi kalla saman stjórn.**
() Rétt
() Rangt
- 31. Hlutafélag má gefa stjórnarmanni heimild til að veðsetja hluti hans í félaginu.**
() Rétt
() Rangt
- 32. Arð má greiða (þegar efnahagur leyfir) án tillögu stjórnar.**
() Rétt
() Rangt

33. Hlutfélag getur lánað föður stjórnarmanns fyrir kaupum á hlutum í félaginu.

() Rétt

() Rangt

34. Hlutfélag verður sameinað öðru með því að stofna þriðja félagið og slítum á báðum (öllum) hinna.

() Rétt

() Rangt

35. Hlutfélagi er slitið til að mynda með úrskurði ríkisskattstjóra.

() Rétt

() Rangt

II. Hluti (18%)

Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk sem merkt skal prófnúmeri próftaka.

1. Gerið annars vegar grein fyrir almennri skilgreiningu hugtaksins “félag” og nefnið hins vegar dæmi um það sem í daglegu tali er nefnt félag en fellur þó ekki undir hugtakið. Útskýrið hvers vegna. (9%).

2. Nefnið þau rök sem höfð hafa verið uppi með og á móti tvískiptingu hlutfélaga í einkahlutfélög (ehf.) annars vegar og hlutfélög (hf.) hins vegar. Nefnið þrjú atriði sem eru ólík með þessum tveimur tegundum hlutfélaga. (9%).